Kjarvalsstaðir:


Þrjár sýningar

Þrjár myndlistarsýningar verða opnaðar á Kjarvalsstöðum um helgina. Það eru sýningar norska myndlistarmannsins Arvids Pettersen og íslensku listamannanna Sveins Björnssonar og Kristínar Ingólfsdóttur.


Sýning Arvids Pettersen er í boði Listasafns Reykjavíkur. Þessi sýning er liður í samstarfi norrænna listasafna. Hún var fyrst sýnd í Gallerí F15 í Noregi og síðan í Listasafninu í Aarhus en á eftir Kjarvalsstöðum verður hún sett upp í Listasafninu í Malmö og Amos Andersonin listasafninu í Helsinki.

Í tilefni sýningarinnar hefur verið gefin út vegleg bók um Pettersen með 30 litmyndum og ítarlegum texta um listamanninn eftir Bos Nilsen og nefnist hún Arvid Pettersen, lífsspekingur í postmoderníkri mynd.


Arvid Pettersen hefur vakið sérstaka athygli sem síexpressioníkur málari en sú stefna hefur verið ríkjandi í norrænu listalífi undanfarin ár. Þótt málverk hans einkennist við fyrstu sýn af tjáningu og huglægum gildum eru þau uppfull af menningar- og listsögulegum tilvísunum. Hann málar sig í gegnum listasöguna samtímis því sem hann ljær henni með verkum sínum nýja og persónulega sýn.



Arvid Pettersen er norskur myndlistarmaður sem sýnir á Kjarvalsstöðum.



Kristín Ísleifsdóttir sýnir vasa, skálar og ílát sem unnin hafa verið í leir.



Sveinn Björnsson fyrir framan eitt myndverka sinna.

Flestir gagnrýnendur, sem hafa fjallað um list Arvids Pettersen, eru sammála um að hann hafi kunnað að samtvinna alþjóðlegt myndmál nýja málverksins og norska myndlistarhefð. Sýning Arvids Petterson er opin daglega frá kl. 11–18 fram til 3. desember.

Sveinn Björnsson, sem sýnir vatnslitamyndir, keramik og fleiri gerðir myndverka á sýningu sinni, er kunnur málari sem hefur sýnt margoft heima og erlendis. Sýning hans er opin til 12. nóvember. Þriðji aðilinn, sem sýnir á Kjarvalsstöðum, er Kristín Ísleifsdóttir. Á sýningu Kristínar eru um það bil áttatíu skálar, vasar og ílát sem unnin hafa verið í leir á síðastliðnum tveimur árum. Form verkanna eru í flestum tilfellum tilvísun til hluta sem ekki hafa verið notaðir í daglegu lífi. Sýningin er opin alla daga frá kl. 11–18 og stendur til 12. nóvember.


-HK

Korpúlfsstaðir.

Sýning Myndhöggvarafélagsins

Um nokkurra ára skeið hefur Myndhöggvarafélagið haft starfsaðstöðu á Korpúlfsstöðum og hafa félagsmenn smám saman skapað sér aðstöðu sem tvímælalaust hefur verið höggmyndalistinni lyftistöng. Á laugardaginn verður opnuð sýning á verkum félagsmanna og verður sýningin opin þrjár næstu helgar á laugardögum og sunnudögum kl. 13–18.

Myndhöggvarafélagið hélt síðast sýningu að Korpúlfsstöðum 1985 og þar áður 1980 í sambandi við Listahátíð. Félagsmenn, sem nú eru fimmtíu og tveir, hafa í tilefni þessarar sýningar hreinsað stóra salinn af öllum tækjum og vélum og málað hann upp á nýtt.



Verkin á sýningu Myndhöggvarafélagsins að Korpúlfsstöðum eru bæði innandyra og utan.

List Gallerí:

Grafíkmyndir

Tryggvi Árnason myndlistarmaður opnar grafíksýningu laugardaginn 28. október í sýningarsal sínum, List Gallerí, að Einarsnesi 34.

Á sýningunni verða 25 nýjar grafíkmyndir, bæði silkiþrykk og collographmyndir en þær eru gerðar með nýrri tækni sem gerir listamenn óháða sýrum sem hafa verið notaðar við hefðbundnar ætingarmyndir. Þær myndir eru oftast handmálaðar og verða því eintökin alltaf ólík hvert öðru.

Tryggvi hefur haldið nokkrar sýningar á verkum sínum undanfarin ár, meðal annars að Kjarvalsstöðum 1983 og 1985, Laxdalshúsi á Akureyri, Kaupmannahöfn og Holstebro 1986, List gallerí 1987 og tekið þátt í samsýningum.

Hann lauk námi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1983. Sýningin er opin frá kl. 14–20 daglega til 12. nóvember og er öllum heimill aðgangur.

Listamannaþing í Viðey

Bandalag íslenskra listamanna efnir til þings fyrir listamenn í Viðeyjarstofu laugardaginn 28. október. Þingið hefur yfirskriftina Listamaðurinn sem lærimeistari – Listaháskóli. Þingið hefst kl. 13.30 í kjölfar aðalfundar sem verður um morguninn.

Dagskrá listamannaþingsins er eftirfarandi: Forseti BÍL, Brynja Benediktsdóttir, setur þingið. Guðrún Ágústsdóttir, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, flytur ávarp. Stutt erindi flytja: Ragnar Arnalds, Rithöfundasambandi Íslands, Edda Óskarsdóttir, Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Halldór Haraldsson, Félagi íslenskra tónlistarmanna, Erlingur Gíslason, Félagi íslenskra leikara, Messíana Tómasdóttir, FÍL (leikmyndateiknaradeild), Baldur Hrafnkell Jónsson, Félagi kvikmyndagerðarmanna, María Kristjánsdóttir, Félagi leikstjóri á Íslandi, Hjálmar H. Ragnarsson, Tónskáldafélagi Íslands, Nanna Ólafsdóttir, Félagi íslenskra listdansara, Njörður P. Njarðvík, RSÍ, Stefán Benediktsson, Arkitektafélagi Íslands.

Að erindunum loknum verða frjálsar umræður og sitja framsögumenn fyrir svörum. Umræðum stjórna Einar Kárason og Sigrún Valbergsdóttir. Í lok þingsins mun Þorsteinn Gunnarsson, leikari og arkitekt, sýna þinggestum húsakynnin. Ferja fyrir þinggesti verður frá Sundahöfn kl. 13.

Santa Borðeyri og Lonlí blú bojs

Danshöllin, þar sem áður var Þórscafé, heldur uppi mikilli skemmtun um helgar. Fjórar hljómsveitir leika í sölum Danshallarinnar. Ber þar fyrst að nefna De Lónlí blú bojs sem allir landsmenn kannast við og eru komnir fram á sjónarsviðið aftur. Í þeirri hljómsveit eru sem fyrr Björgvin Halldórsson, Gunnar Þórðarson, Engilbert Jensen og Rúnar Júlíusson, tónlistarmenn sem hafa staðið í fremstu línu poppara um tveggja áratuga skeið og vel það.

Aðrar hljómsveitir eru Rokksveit Rúnars Júlíussonar, Sveitin milli sanda og Rokkbandið. Meðal skemmtiatriða er sýning á nýjasta tískudansinum, Lambada, Happahjólið, sem inniheldur glæsilega vinninga, og svo rúsínan í pylsuendanum, sápuóperan Santa Borðeyri sem Sameinaði grínflokkurinn sýnir. Í þeim flokki eru hinir kunnu leikarar Júlíus Brjánsson, Bessi Bjarnason, Saga Jónsdóttir og Kjartan Bjargmundsson.

Næstu sýningar á Santa Borðeyri eru í kvöld og laugardagskvöld. Er húsið opnað kl. 19 fyrir matargesti og aðra.

Nýr skemmtistaður:

Kjallari keisarans

Í kvöld verður formlega opnaður hinn nýi Kjallari keisarans við Laugaveg 116 en staðurinn hefur tekið gagngerum breytingum eftir að nýir eigendur tóku við honum en hann hét áður Abracadabra. Ætlunin er að á næstunni verði boðið upp á fjölbreytta dagskrá, auk þess sem það besta í lifandi tónlist hverju sinni verður kynnt.

Þá mun úrval framsækinna plötusnúða sjá um að tónlistin á fóninum verði til fyrirmyndar og er fyrirhugað að á föstudagskvöldum verði það nýjasta í breskri og bandarískri danstónlsit leikið en á laugardögum verði höfðað til breiðari smekks og suður-amerískri salsatónlist, soul og djassfunki blandað danstónlist hinna ýmsu þjóða.

Í kvöld er opnunarboð til miðnættis sem eingöngu er ætlað boðsgestum en á miðnætti verður staðurinn opnaður almenningi og verður mikið um dýrðir. Strax flytur nýtt efni ásamt Prinsessunni á bauninni og Þorsteinn Högni kynnir beattónlist frá austantjaldslöndunum, auk annarra atriða.

Á næstunni munu ýmsar hljómsveitir koma fram í Kjallara keisarans. Meðal annars verða nýjar útgáfur Smekkleysu kynntar, auk þess sem lifandi djass og blústónlist verður virka daga og á sunnudagskvöldum.

JC-Akureyri:

„Búum börnum betri framtíð“

– er umræðuefnið á JC-degi á Akureyri

Gylfi Kristjánsson, DV, Akureyri:

JC-dagurinn á Íslandi verður haldinn 28. október og mun JC-Akureyri þá efna til borgarafundar í Borgarbíói kl. 14 þar sem umræðuefnið verður „Búum börnum betri framtíð“.

Trausti Þorsteinsson, fræðslustjóri á Norðurlandi eystra, gerir grein fyrir stöðu skólamála í umdæminu, Ólafur Oddsson héraðslæknir ræðir um ungt fólk, áfengi og ábyrgð foreldra. Stefnt er að því að fá ungling úr framhaldsskóla til að ræða það hvernig er að alast upp á Akureyri. Sólrún Jensdóttir, skrifstofustjóri menntamálaráðuneytisins, gerir grein fyrir stefnu ráðuneytisins í málum barna og unglinga og Jón Björnsson félagsmálastjóri flytur ávarp.

Akureyrarbæ hefur verið boðið að senda fulltrúa á fundinn og ræða stefnu bæjarins í málefnum barna og unglinga, reiknað er með þátttöku þingmanna í fundinum, en honum mun ljúka með pallborðsumræðum.